

Nd.

735. Nefndarálit

[217. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 29 29. apríl 1963, um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, og lögum nr. 23 22. apríl 1967, um breyt. á þeim lögum.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og m. a. fengið samhljóða umsögn Tryggingastofnunar ríkisins og stjórnar lífeyrissjóðsins.

Á meðan nefndin hafði málið til meðferðar, bárust tilmæli frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja um, að gerðar yrðu tilteknar breytingar á frumvarpinu.

Nefndin vill verða við þessum tilmælum að hluta. Nefndin leggur því til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Á eftir orðunum „starfsmenn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja“ komi: og starfsmenn aðildarfélaga bandalagsins.
2. Á eftir 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
 1. málsliður 2. málsgr. 14. gr. laganna orðist svo:
Upphæð makalífeyris er hundraðshluti af launum þeim, sem á hverjum tíma fylgja starfi því, er hinn látni gegndi síðast.
3. 2. gr. frv., sem verður 3. gr., orðist svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 2. gr. skulu þó taka gildi 1. janúar 1973.

Alþingi, 9. maí 1972.

Vilhjálmur Hjálmarsson,
form., frsm.

Gils Guðmundsson,
fundaskr.

Matthías Á. Mathiesen.

Matthías Bjarnason.

Gylfi Þ. Gíslason.

Karvel Pálmason.

Þórarinn Þórarinsson.